

Ed.

525. Nefndarálit

um frv. til berklavarnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og greinargerð þess, eftir því sem kostur hefir verið á, á þeim stutta tíma, er hún hefir haft það til meðferðar.

Þær breytingar, sem með frv. eru gerðar á gildandi berklavarnalögum, eru að mjög miklu leyti aðeins lögfesting á því, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsyn bar til að taka upp og hefir verið framkvæmt hin síðari ár. Þau nýmæli, sem fram eru borin í frv., telur nefndin að stefni í rétta átt og mælir með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr., frsm.

Magnús Gíslason.